

ERINDISBRÉF

Efni: Samningahópur um innanríkismál

Í samræmi við ályktun Alþingis um aðildarumsókn að Evrópusambandinu sem samþykkt var á Alþingi 16. júlí 2009 hefur utanríkisráðherra ákveðið að skipa samningahóp um innanríkismál.

Hlutverk samningahópsins er að annast undirbúning aðildarviðræðna við ESB að því er varðar kafla 23 (Réttarvarsla og grundvallarréttindi) og 24 (Dóms- og innanríkismál). Ísland er þátttakandi í Schengensamstarfinu og hefur því nána samvinnu við ESB á þessu málefnasviði m.a. á grundvelli Dyflinnarsamningsins og fleiri tvíhliða samninga er málið varða. Samningahópurinn annast m.a. innri greiningu regluverks ESB af Íslands hálfu svo og sameiginlega greiningu með ESB, undirbúning tillagna um samningsafstöðu Íslands, viðræður við ESB um samningsafstöðuna og nánari mótun hennar eftir því sem viðræðunum vindur fram og tilefni er til. Hópurinn skal vera samninganefnd og aðalsamningamanni til ráðgjafar meðan á aðildarviðræðum stendur.

Að öðru leyti er vísað til álits meirihluta utanríkismálanefndar (137. löggjafarþing, þingskjal 249) en hópurinn skal í starfi sínu gæta hagsmuna Íslands í hvívetna og leggja þau sjónarmið sem koma fram í álitinu til grundvallar.

Samningahópurinn er skipaður embættismönnum, öðrum starfsmönnum stjórnkerfisins og fulltrúum hagsmunaaðila sem taka almennan þátt í starfi hópsins en eiga þó ekki beina aðild að sjálfum samningaviðræðunum.

Formaður stýrir starfi hópsins og skiptir verkum eftir því sem þörf er talin á.

Ragnhildur Helgadóttir hefur verið skipuð formaður samningahópsins, en auk hennar munu m.a. fulltrúar frá eftirtöldum ráðuneytum og stofnunum eiga sæti í hópnum: Dómsmála- og mannréttindaráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, utanríkisráðuneyti, Ríkislögreglustjóra og Útlendingastofnun. Þá er fyrirséð að í samningahópnum verði m.a. fulltrúar frá Alþýðusambandi Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Samningahópurinn mun leita til háskólasamfélagsins og innlendra og erlendra sérfræðinga, eftir því sem þurfa þykir, að fengnu samþykki aðalsamningamanns.